



Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 2. nóvember 2021 kl. 20:00 – 21:20 á Teams

Mætt / vantar

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Ingirafn Steinarsson aðalmaður, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfsdóttir rekstrarstjóri.

Vantar:

Fundargerð

1) Starfsmannamál

- a) Katla Rut Pétursdóttir hefur verið ráðin í gegnum „Hefjum störf“ átak Vinnumálastofnunar. Sótt var um nýsköpunarstyrk sem væri þá möguleiki á 6 mánuðum til viðbótar, ef við teljumst vera frumkvöðlar þ.e.a.s. Hún er á taxa safnvarðar og verður í 100% vinnu. Hennar helstu verkefni verða ný heimasíða, markaðs- og kynningarmál, viðburðir sem og aðstoð við nýja sýningu á næsta ári.
- b) Samningur við EHP hefur ekki verið gerður, það er í skoðun hvernig væri hægt að útfæra það.
- c) Halli er í vinnu fyrir sunnan en er væntanlegur og þá myndi hann koma til starfa í íhlaupavinnu í nóvember og eitthvað áfram við grisjum og förgun muna.

2) Miðstöð menningarfræða.

- a) Sigrún Júnía hefur verið ráðin sem verktaki inn í MMF fram að áramótum við að gera nýja heimasíðu fyrir okkur, vinna markaðsefni, umbrot og fleira. Tímar sem við höfum til umráða fram að áramótum til hennar eru áætlaðir 133.

3) Söfnunarstefna, grisjunaráætlun og uppvinnslu- og förgunarstefna

- a) Fundarpunktur vinnuhóps um stefnumótun og framtíð safnsins
 - i) Fundur í næstu viku hjá vinnuhóp
 - ii) EHP ætlar setja upp beinagrind að nýrri söfnunarstefnu sem inniheldur grisjunaráætlun og uppvinnslu- og förgunarstefnu.



- 4) Haustfundur Höfuðsafna, Farskóli safnamanna og Haustfundur Eyfirska safnaklasans
 - a) JB var með fyrirlestur á Haustfundi Höfuðsafna og fékk góðar viðtökur við því erindi.
 - b) JB segir frá helstu málum sem til umræðu voru á Farskólanum sem haldinn var á Stykkishólmi um miðjan mánuðinn. Næsti Farskóli verður á Austurlandi í september á næsta ári og mun JB aðstoða Farskólastjórana sem eru Elsa Guðný og Pétur Sörensen.
 - c) EHP er búin að fá boð um að halda fyrirlestur, erindi um aurskriðuna, á Haustfundi Eyfirska safnaklasans, líklega fer JB með og heldur það erindi.
- 5) Áframhaldandi framlag Þjóðminjasafns Íslands
 - a) Lilja Árnadóttir mun vera áfram með okkur í verkefni, Þjms. áætla og hefur beðið um 20 daga til viðbótar til Forsætisráðuneytisins.
 - b) Ágústa og Freyja munu koma með Lilju í byrjun desember til að fara yfir þá muni sem Þjms á hjá okkur en það er Fjarskiptasafn Símans.
- 6) Ársreikningur og aðalfundur, lagabreytingar
 - a) Í ljósi þess sem fram hefur komið í áliti lögmanns Múlapinga er lagt til að fresta aðalfundi. Skoða dagsetningar fyrir aðalfund þegar það er búið að ræða Múlaping.
 - b) Lögð fram drög að greiningu á kostum og göllum á mismunandi rekstrarformum. Umræður. Unnið verður áfram með greininguna á næsta fundi vinnuhóps um stefnu og framtíðasýn safnsins.
- 7) Safnkostur, staða mála
 - a) Búið er að finna geymslu fyrir símasýninguna í Meyjarskemmuni.
 - b) SBS og MP frá Hérðaskjalasafni Austfirðinga komu síðastliðinn föstudag og hittu Elfu til að fara yfir stöðuna á skjölum og ljósmyndum. Allt af þeim skjölum sem geymd eru hjá safninu eru að fara til Héraðsskjalasafns sem og til Ljósmyndasafns Austurlands og verða bækur settar í Meyjarskemmuna til geymslu.
- 8) Fjármál og styrkjaumsóknir
 - a) JB leggur til að 180. Milljónir verði lagðar inn á veltubréf +
 - b) Farið yfir stöðu styrkja vegna ársins 2021 og rekstrarkostnað sem kominn er.
 - i) Sótt hefur verið um:



(1) Uppbyggingarsjóður

- (a) Sameiginlegt varðveisluhús, 1.160 þúsund
- (b) Sýning – Maður og náttúra, 1.9 milljónir
- (c) Heildartúttekt, grisjun og skráning, 2.5 milljónir

(2) Safnasjóður – seinni úthlutun

- (a) Ferðastyrkur, 300 þúsund
- (b) Heimasíða, 300 þúsund

- ii) Fyrirhugað er að sækja um í Safnasjóð fyrir heildartúttekt, grisjun og skráningu sem Öndvegisstyrk
- iii) Fyrirhugað er að sækja um í Hvatásjóð Seyðisfjarðar fyrir nýrri sýningu. Eldri styrkur Safnaráðs uppá 1,6 á að renna í sýninguna, styrkurinn er greiddur.
- iv) Mikilvægt er að hefja vinnu við að tryggja rekstrarfé frá ríki sem fyrst með samstarfi Múlaþings
- v) Múlaþing er að vinna að sinni fjárhagsáætlun og munum við fá einhverjar upplýsingar vonandi í vikunni
- vi) Kanna þarf betur styrki frá fyrirtækjum svo sem Símanum.

9) Tæming Símsstöðvar

- a) Lilja Árnadóttir kom og fór í gegnum mikinn hluta gripa sem geymdir höfðu verið þar. JB kynnir aðferð sem notast var við að lista upp skráða muni sem búið er að meta og talið rétt að farga. Gögn lögð fram til kynningar, stjórn mun á næsta fundi sínum taka til umræðu og samþykktar ferilinn og förgun umræddra gagna.
- b) Ákveðið var að símasýningin sem enn stendur uppi verði pakkað allri niður, engin grisjun mun eiga sér stað þar. Hugmyndir uppi um að virkja samfélagið við það.

10) Önnur verkefni / Önnur mál

- a) Samþykkt að fundargerðir verði sendar Byggðaráði þegar þær hafa verið yfirliesnar af stjórnarmönnum. Samþykkt að senda einnig ársreikning til upplýsinga.
- b) Lagt til að hafa aðalfund og kokteil þann 2. Desember til að þakka þeim sem hafa reynst safninu vel á þessu erfiðasta ári safnsins.



c) Lagt til að sent verði í hús jólakort og keypt kerti fyrir íbúa á friðargöngunni.

11) Næsti fundur verður boðaður eftir 2 vikur með dagskrá.